

Alþingi  
Erindi nr. P 140/72  
komudagur 10.11.2011



Alþingi  
Nefndasvið  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

SJÁVARÚTVEGS- OG  
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík  
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160  
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 9. nóvember 2011  
Tilv.: SLR11100178/0.4.3

Efni: Græna hagkerfið, tillaga til þingsályktunar 7. mál 140 löggjafarþing

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið (SLR) hefur borist ofangreind tillaga til þingsályktunar til umsagnar. Rétt er að áréttu að ráðuneytið vinnur þegar að mörgum málum sem eru í samræmi við hugmyndafræði um þróun græns hagkerfis.

Í þingsályktunartillögunni eru tífund þingmál og aðgerðir sem viðkomandi stjórnvaldi beri að hlutast til um að koma til framkvæmda. Nokkrar þeirra snúa að SLR og mun ráðuneytið taka þær til efnislegrar skoðunar í samráði við þekkingar- og nýsköpunarstofnanir eftir efni tillagnanna.

SLR setur fram eftirfarandi athugasemdir.

Í erindisbréfi nefndarinnar er lögð áhersla á snertifleti milli landbúnaðar og umhverfismála með áherslu á bændur sem vörslumenn landgæða svo og hvernig tillögur tengist áætlunum stjórnvalda sem tengjast atvinnu og umhverfismálum. Áhugavert hefði verið ef tillögur nefndarinnar hefðu endurspeglad þennan ásetning í ríkara mæli en raun ber vitni.


Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti fékk aðgang að drögum að skýrslu nefndarinnar um eflingu græns hagkerfis á lokastigum og sendi þá inn athugasemdir sem ekki er tekið tillit til í þingsályktunartillögunni. Sér SLR sérstaka ástæðu til að draga athyglina á ný að þýðingu skógræktar í uppbyggingu græns hagkerfis á Íslandi en efling skógræktar er ekki meðal þeirra tillagna sem fram koma í þingsályktunartillögunni. Aukin skógrækt uppfyllir mörg af þeim skilyrðum sem gerðar er til tillagna á þessu sviði svo sem sjálfbærni, jákvæð umhverfisáhrif og þjónustu við áætlanir til að mæta miklum loftslagsvanda á næstu árum. Á evrópskum fundi skógræktarráðherra á síðasta sumri var sérstaklega áréttuð þýðing þess að viðhalda og stuðla að auknu skóglendi í Evrópu til að undirbyggja grænt hagkerfi. Í álfunni er hlutfall skóglendis af flatarmáli lands hvergi minna en á Íslandi að Möltu, Monakó og Vatíkaninu undanskyldu. Áhersla á aukna skógrækt á Íslandi er þegar farin að skila sér í aukinni vinnu við afurðir skógarins þó enn fari mest fyrir fjárfestingarþættinum. Almennt gildir að langstærstur hluti þess fjármagns sem rennur til landshlutaverkefnanna í skógrækt (líðlega 80%) rennur til atvinnusköpunar. Aukin skógrækt er lykilatriði í möguleikum þjóðarinnar að taka virkan þátt í viðbrögðum við hraðfara loftslagsbreytingum og standa undir þeim skuldbindingum sem þjóðin hefur samþykkt í alþjóðasamningum. SLR hefur því áfram hug á að beita sér af krafti að framgangi skógræktar undir merkjum græns hagkerfis.

Efling landbúnaðar er í sjálfu sér stuðningur við hugmyndafræði um grænt hagkerfi t.d með aukinni

heimaöflun fódurs með eflingu kornræktar. Gæðastýrð sauðfjárrækt og landgræðslustarf er annað dæmi. Í sjávarútvegi eru vissulega möguleikar sem vert er að huga að og reyndar margt gott starf verið unnið á liðnum árum sem flokkast undir það viðfangsefni sem hér er fjallað um.

Ráðuneytinu hefur í þessari viku borist skýrsla nefndar Alþingis sem vann þingsályktunartillögu þá sem hér er til umsagnar. Er hún í flestu samhljóma texta þingsályktunartillögunnar. Það hefði hugsanlega mátt hinkra við með að prenta skýsluna í vönduðum búningi þar til eftir að afstaða væri tekin til athugasemda sem nú er kallað eftir.

Fyrir hönd ráðherra

A handwritten signature in black ink, reading "Þorsteinn Tómasson". The signature is written in a cursive style with a large initial "Þ" and a long horizontal stroke extending to the right.

Þorsteinn Tómasson